



Reykjavík 16. nóvember 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands (DÍS), sem kosin var á aðalfundi félagsins í ágúst s.l., styður eindregið frumvarp um bann við blóðmerahaldi.

Blóðtaka úr fylfullum hryssum eins og hún er framkvæmd byggir á því að 5 lítrar blóðs séu teknir vikulega í allt að 8 vikur, eða um 15-20% heildarblóðmagns með viku millibili úr hverri hryssu. Þetta er mikið blóðtap þegar litið er til alþjóðlegra viðmiða, sé farið yfir þau viðmið hafi það áhrif á velferð og heilsu dýra. Þar sem blóðtökur eru framkvæmdar vikulega í allt að 8 vikur fá þessar hryssur lítinn tíma til að jafna blóðgildi sín, en alþjóðleg viðmið gera ráð fyrir a.m.k. tveggja vikna millibili milli blóðtaka þegar tekið er 10% heildarblóðmagns¹. Ljóst er að sú blóðtaka sem framkvæmd er hér á landi í blóðmerahaldi fer langt umfram alþjóðleg viðmið, bæði að magni og tíðni sem er fullkomlega óviðunandi. Um er að ræða mikið álag fyrir þessar hryssur sem eru vel að merkja fylfullar og gera má fastlega ráð fyrir að blóðtökurnar hafi veruleg neikvæð áhrif á velferð þeirra og heilsu.

Tilgangur blóðmerahalds er framleiðsla á hormóninu *Pregnant mare serum gonadotropin* (PMSG) sem unnið er úr blóði fylfullra hryssna. Lyfjaefnið er notað sem frjósemislyf, aðallega fyrir svín í þauleldi og veldur því að tími á milli gangmála hjá gylltum styttist og fjöldi grísa í hverju goti eykst. Þetta lyf orsakar mikið álag á gylltur og veldur auknum grísadauða þar sem grísir komast ekki allir á spena sem er hörmulegt. Ljóst er að þetta lyf sem framleitt er úr hormóni úr íslenskum hryssum hefur slæm áhrif á velferð dýra sem haldin eru í aðstæðum þauleldis og eykur á þjáningu þeirra. Það er óviðunandi.


Í reglugerð 900/2022 um blóðtöku úr fylfullum hryssum er ekki gerð sú krafa að hryssur sem notaðar eru í blóðtöku skuli hafa hlotið lágmarks tamningu. Þessar hryssur eru almennt haldnar í stórum stóðum þar sem þær eru í lítilli snertingu við manninn og eru flestar lítið eða alveg ótamdar. Það má því gera ráð fyrir að flestar hryssur venjist blóðtökunni í gegnum lært hjálparleysi (e. learned helplessness), bundnar niður á blóðtökubás þar sem þær komast ekki undan.

Blóðtökunni fylgir því mikil streita og ótti fyrir þessar hryssur. Um er að ræða óásættanlega meðferð sem samræmist ekki lögum 55/2013 um velferð dýra. Einnig er illmögulegt að uppfylla ákvæði reglugerðar 910/2014 um velferð hrossa varðandi heilbrigðiseftirlit og reglulega snyrtingu hófa á hrossum sem ekki hafa hlotið lágmarks tamningu.

Þessi starfsemi hefur ekki farið fram hjá nágranna- og samstarfsþjóðum okkar. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lýst því yfir að hún hafi „alvarlegar áhyggjur“ af meðferð á hryssum sem notaðar eru í þessu skyni, en Evrópuþingið hefur kallað eftir því að innflutningur á hormóninu verði bannaður². Benda verður á að þegar er fjöldi viðurkenndra tilbúinna lyfja fáanlegur á lyfjamarkaði. Samtök svissneskra svínaræktenda hafa lýst því yfir að þau muni hætta að nota PMSG, sem sannar að þessi umskipti séu framkvæmanleg.

Með vísan í ofangreint hvetur DÍS stjórnvöld eindregið að banna blóðtöku úr fylfullum hryssum til framleiðslu á PMSG hið fyrsta.

Virðingarfyllst fyrir hönd DÍS,



Linda Karen Gunnarsdóttir
formaður DÍS

Heimildir

¹<https://www.nc3rs.org.uk/3rs-resources/blood-sampling/blood-sampling-general-principles>

²https://www.europarl.europa.eu/doceo/document/B-9-2021-0427_EN.html